



Fjölbrautaskóli Suðurlands

# Munnmælasögur

ÍSLE3MU05

Kennsluáætlun – haustönn 2018

## Kennarar áfangans:

Stefán Hannesson (SHA), [stefanhannesson@fsu.is](mailto:stefanhannesson@fsu.is)

## Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um þjóðsögur, flökkusagnir, listina að segja sögu, munnlega geymd, almennaróm og annað sem tengja má munnmælasögum. Lögð er áhersla á einkenni munnmælasagna, trúverðugleika, uppruna og fleira í þá veru. Nemendur lesa sögur og frásagnir, safna munnmælum og vinna ýmis verkefni tengd efninu. Nemendur þjálfast í að segja sögur og beita til þess aðferðum og tækni sagnapula.

**Forkröfur:** 10 einingar á 2. þrepi.

## Markmið áfangans:

### Þekking

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru eða tekin fyrir á annan hátt
- Helstu einkennum og tegundum munnmælasagna
- Bókmenntafræðihugtökum sem tengjast munnmælasögum
- Því helsta sem þarf að hafa í huga þegar saga er sögð

### Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Flytja af nokkru öryggi sögur
- Lesa sér til gagns og gamans frásagnir og umfjöllun um þær
- Nota viðeigandi hjálpargögn við frágang og framsetningu ritaðs og talaðs máls
- Greina lykilatriði og andstæð sjónarmið í mismunandi verkum

### Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Bera saman mismunandi verk
- Beita gagnrýninni hugsun í umfjöllun
- Meta áreiðanleika sagna og heimilda
- Beita skýru, lýtalausum og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- Segja sögur á áhrifaríkan hátt þannig að helstu einkenni frásagnarlistarinnar skili sér

## Kennslubækur og kennslugögn

- Efni frá kennara.

### Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni

Vika	Dags.	Verkefnavinna
34	21.8.-24.8.	Kynning. Þjóðsögur.
35	27.8.-31.8.	Þjóðsögur: Verkefni 1 og 2
36	3.9.-7.9	Þjóðsögur: Verkefni 3 og 4
37	10.9.-14.9.	Þjóðsögur: Verkefni 5 og 6
38	17.9.-21.9.	Þjóðsögur: Verkefni 7 og 8
39	24.9.-28.9.	Þjóðsögur: Verkefni 9 og 10
40	1.10.-5.10.	Þjóðsögur: Opinn tími fyrir verkefnavinnu/upprifjun fyrir próf Fimmtudagurinn 5. október: Próf úr þjóðsögum.
41	8.10.-12.10.	Listin að segja sögu: Verkefni 11
42	15.10.-17.10. 18.10.-19.10.	Listin að segja sögu: Verkefni 12 Haustfrí
43	22.10.-24.10.	Flökkusögur úr samtímanum: Verkefni 13
44	25.10.-26.10.	Flökkusögur úr samtímanum: Verkefnavinna Fimmtudagurinn 25. október: Próf úr flökkusögum.
45	29.10.-2.11.	Munnleg geymd fyrir ritöld: Verkefni 14
46	5.11.-9.11.	Munnleg geymd fyrir ritöld: Verkefnavinna Fimmtudagurinn 8. nóvember: Próf úr munnlegri geymd.
47	12.11.-16.11.	Almannarómur: Verkefni 15
48	19.11.-23.11.	Almannarómur: Verkefni 16
49	26.11.-30.11.	Almannarómur: Verkefni 17 Fimmtudagurinn 29. nóvember: Próf úr almannarómi.

Tímaáætlun gæti tekið breytingum þegar líður á önnina

#### Vægi námsþátta í lokaeinkunn:

#### Þjóðsögur (50%):

Verkefni 1 (0%)  
Verkefni 2-9 (3% hvert)  
Verkefni 10 (6%)  
Próf (20%)

#### Listin að segja sögur (10%)

Verkefni 11-12 (5% hvort)

## Flökkusögur (15%)

Verkefni 13 (5%)  
Próf (10%)

## Munnleg geymd (10%)

Verkefni 14 (2%)  
Próf (8%)

## Almannarómur (15%)

Verkefni 15-16 (2% hvort)  
Verkefni 17 (3%)  
Próf (8%)

## Kröfur og verkefnaskil

- Ekkert lokapróf er í þessum áfanga en ætlast er til að nemendur taki að fullu þátt í kennslustundum, fylgist með innlögnum, skrái glósur, vinni verkefni og taki þátt í umræðum. Því betur sem nemendur sinna vinnu í kennslustundum, því minna verður heimanámið. Mæti nemandi ekki í tíma af einhverjum ástæðum eykst heimavinna nemenda.
- Öll verkefni eru einstaklingsverkefni nema annað sé tekið fram. Skili nemendur nákvæmlega sömu niðurstöðum fá þeir báðir 0 fyrir verkefnið.
- Sjúkrapróf: Missi nemendur af prófum bera þeir sjálfir ábyrgð á því að tilkynna það til kennara og óska eftir sjúkraprófi. Sjúkrapróf fara fram í næstu kennslustund sem nemandi mætir í.
- **EKKI VERÐUR TEKIÐ VIÐ VERKEFNUM SEM BERAST EFTIR AUGLÝSTAN SKILAFREST. LENGD SKILAFRESTS ER Í SAMRÆMI VIÐ VÆGI VERKEFNA (VERKEFNI SEM GILDIR 5% ER OPIÐ Í 5 DAGA, VERKEFNI SEM GILDIR 3% Í 3 DAGA, O.S.FRV.).**
- Komist nemendur ekki í kennslustundir bera þeir sjálfir ábyrgð á því að fylgjast með innlögnum á Innu, svo sem verkefnum, námsefni, tilkynningum o.s.frv.
- Verkefnin eru öll unnin á tölvur og þurfa nemendur því að hafa aðgang að tölvum meðan sú vinna stendur yfir. Þeir sem kjósa frekar að vinna á pappír geta óskað eftir því við kennara. Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema með samþykki kennara og þá aðeins að því tilskyldu að það þurfi að nota hann í tengslum við námið.
- **Mætingarskylda er í allar kennslustundir nema annað sé tekið fram.**

Gert með fyrirvara um breytingar, F.Su., 21. ágúst 2018

Stefán Hannesson